Vinnueftirlitið

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 19.6.2024
Tilvísun: 202405-0258/6.01.04

**Varðandi**
**Umsókn ORF líftækni um leyfi til ræktunar erðabreytts byggs í afmörkunarfl. 2**

Vísað er til erindis stofnunarinnar með fylgigögnum (Tilvísun: Tölvupóstur frá UST/SRBB 23.05.2024) þar sem óskað er eftir afstöðu Vinnueftirlitsins til flokkunar athafnasvæðisins og aðstöðunnar vegna ræktunar erfðabreytts byggs í aðgangsstýrðum gróðurhúsum í Asparlundi, Laugarási, Bláskógarbyggð og vinnslu fræja eftir uppskeru í húsnæði ORF líftækni, Víkurhvarfi 7, Kópavogi

Vinnueftirlitið yfirfór umsóknina og fylgigögn fyrirtækisins ORF líftækni.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við upplýsingar í umsókn ORF líftækni varðandi heilbrigðissjónarmið.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við flokkun Umhverfisstofnunar sem flokkar starfsemina undir afmörkunarflokk 2, skv. 5. gr. og viðauka 2, í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlitsins



Sigurður Einarsson
Sérfræðingur á Vinnuverndarsviði